

## GJALDSKRÁ

### fyrir hundahald á Sauðárkróki.

#### 1. gr.

Árgjald vegna hundahalds, sbr. c. lið 3. gr. í samþykkt um hundahald á Sauðárkróki nr. 162/1974, skal vera kr. 7.500, með gjalddaga 1. maí.

Eindagi er 30. júní og reiknast dráttarvextir frá eindaga, sé eigi greitt í síðasta lagi á eindaga.

#### 2. gr.

Handsömunargjald er kr. 5.000. Geymslugjald fyrir handsamaðan hund er kr. 500 fyrir hvern sólarhring umfram þann fyrsta.

#### 3. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Sauðárkróks staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfissráðuneytið, 19. júní 1995.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um afnám reglugerðar nr. 468/1993 um sérstakt jöfnunargjald af kartöflum og vörum unnum úr þeim.

#### 1. gr.

Reglugerð nr. 468/1993 um jöfnunargjald af kartöflum og vörum unnum úr þeim, er hér með úr gildi felld.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, öðlast gildi 1. júlí 1995.

*Landbúnaðarráðuneytið, 26. júní 1995.*

**Guðmundur Bjarnason.**

---

*Jón Höskuldsson.*